



SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

Efni: Svar við fyrirspurn fulltrúa Flokks fólksins um fjölda skólaforðunarmála sem vísað var til Barnaverndar árið 2022

Þann 15. febrúar 2023 lagði fulltrúi Flokks Fólksins fram í velferðarráði svohljóðandi fyrirspurn um fjölda skólaforðunarmála sem vísað var til Barnaverndar árið 2022:

Flokkur fólksins óskar að fá upplýsingar um hversu mörgum skólaforðunarmálum var vísað til Barnaverndarnefndar árið 2022? Í apríl 2022 kom fram í svari sviðsstjóra við fyrirspurn fulltrúa Flokks fólksins um fjölda tilkynninga til Barnaverndar vegna skólasóknar eða sem tengjast skólaforðunar málum að fjöldi tilkynninga vegna vanrækslu varðandi nám eins og það er orðað var árið 2019 67 mál en er árið 2021 46 mál talsins. Fjöldi tilkynninga vegna erfiðleika með skólasókn var árið 2019, 77 mál og árið 2021, 72. Nú er spurt um árið 2022. Óskað er eftir sömu upplýsingum og liggja fyrir fyrri ár. Viðmiðunarflokkum vegna skólaforðunarmála er skipt í þrjú stig eftir alvarleika. Langvinn, alvarleg skólaforðun á við þegar hún hefur staðið yfir lengur en eitt ár og flokkast þá sem stig 3. Þegar á 3. stig er komið er þörf á sértækri íhlutun og nauðsynlegt getur verið að vísa málinu til Barnaverndar. Þetta á við um nemendur sem hafa ekki svarað þeim inngripum sem hafa verið reynd og vandinn því orðinn langvinnur og alvarlegur.

Svar:

Tilkynningar til Barnaverndar Reykjavíkur sem tengjast skólasókn nemenda geta fallið undir eftirfarandi tvo flokka í tilkynningakerfi barnaverndarnefndar: „Vanræksla varðandi nám“ og „Erfiðleikar barns í skóla, skólasókn áfátt“.

Töflurnar hér fyrir neðan sýna fjölda tilkynninga í hvorum flokki fyrir sig á tímabilinu 2019-2022.

Tafla 1 - Vanræksla varðandi nám

	Ár				Samtals 2019-2022
	2019	2020	2021	2022	
Fjöldi tilkynninga	67	40	46	78	231
Fjöldi barna	56	35	42	70	174
Hlutfall af fjölda tilkynninga	1,4%	0,8%	0,9%	1,6%	1,2%
Hlutfall af fjölda barna sem tilkynnt er um	2,8%	1,6%	1,8%	3,2%	3,0%



**Tafla 2 - Erfiðleikar barns í skóla,
skólasókn áfátt**

	Ár				Samtals 2019-2022
	2019	2020	2021	2022	
Fjöldi tilkynninga	77	43	72	77	269
Fjöldi barna	55	36	61	66	185
Hlutfall af fjölda tilkynninga	1,6%	0,8%	1,5%	1,6%	1,4%
Hlutfall af fjölda barna sem tilkynnt er um	2,8%	1,6%	2,6%	3,0%	3,2%